

## Reglur Félagsþjónustu A-Hún um daggæslu í heimahúsum

Félagsþjónusta A-Hún veitir leyfi til gæslu barna í heimahúsum og skulu leyfishafar einir hafa heimild til að taka greiðslu fyrir slíka gæslu.

### Skilyrði fyrir leyfisveitingu eru að:

#### 1. gr.

Umsækjandi hafi náð 20 ára aldri.

#### 2. gr.

Umsækjandi hafi sótt námskeið fyrir dagforeldra sem haldin eru á vegum viðurkenndra aðila. Heimilt er að veita undanþágu ef umsækjandi hefur uppeldismenntun sem félagsþjónustan metur gilda.

#### 3. gr.

Fyrir liggi vottorð frá heimilislækni þar sem staðfest er að umsækjandi og aðrir heimilismenn hafi ekki sýnt merki um sjúkdóma, þar með talið áfengis og vímuefnavandamál eða aðrir þeir heilsufarsþættir sem hamlað gætu því að umsækjandi taki börn í daggæslu.

#### 4. gr.

Umsögn síðasta vinnuveitanda eða tveggja ábyrgra aðila. Umsögnin skal bera með sér að umsækjandi telist hæfur til að taka að sér daggæslu barna.

#### 5. gr.

Fyrir liggi hreint sakavottorð. Sé sakavottorð ekki hreint skal félagsþjónustan meta hvort athæfi það sem fram kemur á sakavottorði hafi áhrif á hæfni umsækjanda til að hafa barn í sinni umsjá. Heimilt er að krefja maka eða aðra sem hafa lögheimili hjá umsækjenda um sakavottorð.

#### 6. gr.

Fyrir liggi samþykkt eldvarnareftirlits á heimili umsækjanda. Skylt er að hafa reykskynjara á heimili umsækjanda, einnig eldvarnarteppi og slökkvitæki. Nauðsynlegt er að hafa kunnáttu í meðferð þessa öryggistækja.

**7. gr.**

Umsögn heilbrigðisnefndar. Heimilt er að leita umsagnar heilbrigðisnefndar um húsnæði umsækjanda ef þörf þykir.

**8. gr.**

Skriflegt samþykki leigusala liggja fyrir ef um leiguhúsnæði er að ræða.

**9. gr.**

Lágmarks leikrými er 3,5 fm á hvert barn innanhús. Aðstaða til útivistar skal vera hættulaus og fullnægjandi. Umsjónaraðili metur hvort þessum skilyrðum sé fullnægt.

**10. gr.**

Fyrir liggja umsögn frá Félagsþjónustu A-Hún um að umsækjandi hafi hvorki orðið uppvís né sé með rökstuddum hætti grunaður um brot á barnaverndarlögum.

**11. gr.**

Skylt er að virða lög um tóbaksreykingar í húsakynnum þegar starfsemi dagforeldra á sér stað.

**12. gr.**

Félagsþjónustan veitir leyfi til gæslu fjögurra barna samtímis að meðtöldum þeim sem fyrir eru á heimilinu yngri en 6 ára, æskilegt er að ekki séu fleiri en 2 börn undir eins árs aldri í senn.

Eftir eins árs samfelldan starfstíma er félagsþjónustunni heimilt að veita leyfi fyrir fimmta barninu, hafi dagforeldri sýnt af sér hæfni til starfsins og veitt börnunum góðan aðbúnað.

**13. gr.**

Félagsþjónustan veitir leyfi til eins árs fyrsta starfsárið, sækja þarf um endurnýjun á þriggja ára fresti eftir það.

**14. gr.**

Félagsþjónustu A-Hún er heimilt að afturkalla leyfi til daggæslu í heimahúsum komi upp atvik eða forsendur fyrir leyfissviptingu.